

5. mars 2021

EFNAHAGSLEG MARKMIÐ KOMANDI KJÖRTÍMABILS

Samdrátturinn í efnahagslífi landsmanna var verulegur á síðastliðnu ári en landsframleiðslan dróst saman um 6,6% á árinu. Efnahagsleg lífsgæði landsmanna versnuðu verulega en landsframleiðsla á mann lækkaði um 8,2% á árinu sem er mesti samdráttur í landsframleiðslu á mann sem mælst hefur hér á landi frá upphafi mælinga, þ.e. frá árinu 1946. Heimsfaraldur kórónuveiru olli umtalsverðum samdrætti í gjaldeyristekjum eða ríflega 30% á síðasta ári, aðallega vegna verulegs samdráttar í gjaldeyristekjum af erlendum ferðamönnum. Atvinnuleysi jókst hratt og fór upp í hæðir sem Íslendingar eru ekki vanir að sjá. Mældist atvinnuleysið tæplega 12% í janúar á þessu ári en þá voru um 22 þúsund atvinnulausir.

AUKA EFNAHAGSLEG LÍFSGÆÐI OG VINNA BUG Á ATVINNULEYSINU

Efnahagslegur styrkur er undirstaða þess að treysta megi velsæld og lífsgæði til framtíðar. Efnahagsleg markmið næsta kjörtímabils, fyrir árin 2021-2025, er að skapa með sjálfbærum hætti nægan hagvöxt til að vinna bug á atvinnuleysi og auka efnahagsleg lífsgæði þjóðarinnar. Auka þarf landsframleiðslu á mann þannig að hún verði meiri en hún var fyrir núverandi niðursveiflu. Skapa þarf efnahagsleg lífsskilyrði sem laðar fólk og fyrirtæki til landsins. Auka þarf gjaldeyristekjur, verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum. Standa þarf vörð um stöðugleikann. Efla verður samkeppnishæfni með áherslu á þá þætti sem helst eru til þess fallnir að auka umsvif fyrirtækja í landinu og fjölga störfum.

LANDSFRAMLEIÐSLA Á MANN UPP UM 9,5%

Ef hagvöxtur verður að jafnaði 4,2% á ári á tímabilinu 2022 til 2025 mun landsframleiðsla á mann aukast og verða á árinu 2025 meiri en hún var fyrir núverandi efnahagsáfall. Efnahagsleg lífsgæði landsmanna munu aukast á þann mælikvarða og því af ofangreindum efnahagslegum markmiðum komandi kjörtímabils vera náð. Ljóst er að til þess að þetta verði að veruleika þarf að auka gjaldeyristekjur umtalsvert eða um a.m.k. 300 milljarða króna yfir tímabilið eða sem nemur um 6,1% vexti að jafnaði á ári. Verður útflutningur þá orðin meiri en hann var fyrir núverandi efnahagsáfall. Mikilvægt er að þetta sé gert með þeim hætti að hagvöxturinn sé sjálfbær, stöðugleikinn sé tryggður og verðbólgan verði við 2,5% verðbólga markmið Seðlabankans.

ATVINNULEYSIÐ NIÐUR Í 3,5%

Ef störfum fjölgar um 29 þúsund yfir næsta kjörtímabil fer atvinnuleysið niður í ásættanlegra stig, atvinnupátttaka verður aukin og fólksfjölgun mætt. Þetta er um 3,5% árlegur vöxtur starfandi. Takist þetta mun atvinnuleysið fara úr áætluðum




10,2% í ár niður í 3,5% árið 2025. Einnig munu störf skapast til að mæta auknum fólksfjölda í landinu og aukinni atvinnuþátttöku en atvinnuþátttaka hefur lækkað nokkuð í samdrættinum undanfarið.

HÖFUM GERT ÞETTA ÁÐUR

Þetta er vel mögulegt. Við höfum gert þetta áður. Ekki þarf að fara langt aftur til að finna dæmi um það og jafnvel meiri vöxt. Yfir tímabilið 2015-2018 var hagvöxtur að meðaltali 4,9% árlega, sem sagt nokkru meiri en ofangreint markmið er um á næsta kjörtímabili. Útflutningur óx að meðaltali um 6,6% árlega eða nokkru meira en gert er ráð fyrir í ofangreindu markmiði fyrir næsta kjörtímabil. Starfandi fjölgaði um 3,9% árlega og um samanlagt 28 þúsund. Munurinn á þessu tímabili og næsta kjörtímabili er að á tímabilinu 2015-2018 var mikið flutt inn af vinnuafli en nú ætlum við að nýta að mestu vinnuafli sem fyrir er í landinu og ná þannig atvinnuleysinu niður og auka atvinnuþátttöku. Markmiðið er þó einnig að skapa lífskilyrði sem kallar á fólksfjölgun þó að hún verði ekki í sama mæli og á tímabilinu frá 2015-2018.

Vöxtur landsframleiðslu, útflutnings og starfandi, meðaltal magnbreytingar frá fyrra ári



EFNAHAGSBATI Á ÖÐRUM FORSENDUM

Rétt er að undirstrika að hér er ekki verið að segja að endurtaka eigi í einu og öllu það sem gert var á árunum 2015-2018. Hagkerfið sem kemur út úr núverandi niðursveiflu er ólíkt því sem var fyrir niðursveifluna. Efnahagsbatinn verður á öðrum forsendum, í öðrum greinum og með þann lærdóm í farteskinu sem ávannst í niðursveiflunni. Meðal þess er að lífskjör framtíðarinnar munu byggja á fjölbreyttu atvinnulífi. Fjölbreyntin er grundvöllur stöðugleika – vörn gegn efnahagslegum áföllum.

MARKMIÐ EN EKKI SPÁ

Einnig er rétt að undirstrika að hér er um markmiðssetningu að ræða fyrir næsta kjörtímabil. Þetta er ekki spá. Niðurstaðan er í höndum hagstjórnaraðila og markast af því hversu vel gengur að skapa samkeppnishæf skilyrði fyrir fyrirtæki að vaxa hér á landi. Hvað það varðar skiptir máli að tvær af fjórum útflutningsstoðum hagkerfisins tilheyra iðnaði, hugverkaiðnaður og orkusækin iðnaður. Til að bæta við þeim 300 milljörðum króna í gjaldeyristekjur sem þarf á næstu fjórum árum er nauðsynlegt að sækja tækifæri til frekari gjaldeyrisráðgjafar. Verður það gert með því að sækja tækifærin með frekari umbótum og markaðssókn til að laða að fjárfestingu í bæði nýjum og rótgrónum fyrirtækjum þannig að útflutningstekjur aukist, fleiri störf skapist sem og aukin verðmæti.